

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

1. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017  
Haldinn 18. maí í félagsheimili Golfklúbbsins Setbergs.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marínósson formaður, Ingvar Kristinsson (Björk), Sigurjón Andersen (KK), Þórunn Ansnes (Sörli), Magnús Gunnarsson (Haukar), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður) og Högni Friðþjófsson (GSE). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórarinn Sófússon (GSE), Viðar Halldórsson (FH) og Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir).

## 1. Framkvæmdastjórn ÍBH

Formaður ÍBH bar fram eftirfarandi tillögu, að Bergsteinn Hjörleifsson yrði gjaldkeri, Viðar Halldórsson ritari, Ingvar Kristinsson varaformaður og Magnús Gunnarsson meðstjórnandi. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.

## 2. Skipa í fræðsluráð ÍBH

Samþykkt tillaga af nýafstöðnu þingi ÍBH um fræðsluráð ÍBH lögð fram til kynningar og óskað eftir tillögum um 3 einstaklinga í ráðið úr aðildarfélögum ÍBH.

## 3. Skipa í afreksráð ÍBH

Samþykkt tillaga af nýafstöðnu þingi ÍBH um afreksráð ÍBH lögð fram til kynningar og óskað eftir tillögum um 5 einstaklinga í ráðið úr aðildarfélögum ÍBH.

## 4. Þinggerð 49. þings ÍBH

Lögð fram til kynningar.

## 5. Kynning á millipinganefnd sem var skipuð á 49. þingi ÍBH

Um forgangsröðun í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði. Hana skipa, Kristbjörn Óli Guðmundsson, Samúel Guðmundsson, Viðar Halldórsson, Ingólfur Arnarson, Anders Már Þráinsson, Haukur J. Eiríksson, Ólafur Þór Ágústsson og Þórunn Ansnes. Fundarmenn sammála um að byrja þurfi á því að skilgreina hlutverk nefndarinnar betur og gera vinnureglur fyrir allsherjarnefnd þings ÍBH ítarlegri.

## 6. Staðan á endurskoðun tímaúthlutunarreglna ÍBH

Ingvar Kristinsson formaður vinnuhóps sem hefur unnið að því að endurskoða tímaúthlutunarreglur ÍBH greindi frá niðurstöðum hópsins. Ákveðið hefur verið að gera samkomulag milli aðildarfélaga ÍBH um tímaúthlutun í íþróttasölum vetrartímabil 2015-2016 og er það eftirfarandi, aðildarfélög ÍBH fá sömu úthlutun og var á vetrartímabili 2014-2015 en með eftirfarandi breytingum, Andrasalur Íþróttamiðstöðin Björk Haukar fá fimmtudaga frá kl. 16.00-22.00 Björk og DÍH munu í sameiningu raða öðrum tímum salarins þannig að þeir henti báðum aðilum sem best. Íþróttahúsið Standgötu Haukar fá miðvikudaga frá kl. 16.00-20.00, tíminn frá kl. 20.00-20.30 verður til frágangs á salnum svo BH geti hafið æfingar stundvíslega kl. 20.30 – 23.00 á miðvikudögum. Haukar fá einnig föstudaga frá kl. 16.00-23.00 og laugardaga frá kl. 10.00-15.00. Badmintonfélag Hafnarfjarðar fær mánudaga frá kl. 16.00-23.00, þriðjudaga frá kl. 16.00-23.00, fimmtudaga frá kl. 16.00-23.00 og sunnudaga frá kl. 10.00-15.00 í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Íþróttahúsið Víðistaðaskóli, Badmintonfélag Hafnarfjarðar fær tíma á miðvikudögum frá kl. 16.00-18.30 sem Haukar voru með veturinn 2014-2015.

## 7. Tillaga ÍBH af Íþróttapiingi ÍSÍ

Samþykkt tillaga lögð fram til kynningar og var hún eftirfarandi, „tillaga um launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk 72. Íþróttapiing ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur ÍSÍ til að hefja viðræður við íslenska ríkið um launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk sem tryggir lýðrættindi þeirra“.

## 8. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá Dansíþróttasambandi Íslands um Dansþing 20. maí nk kl. 18.00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
- b). Bréf frá Fimleikasambandi Íslands um Fimleikaþing 2. maí 2015 kl. 10.00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
- c). Bréf frá Körfuknattleikssambandi Íslands um Körfuknattleiksþing 8. - 9. maí 2015 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
- d). Bréf frá ÍSÍ um heilsu- og hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna dagana 6. – 26. maí 2015.

## 9. Önnur mál

- a). HF kynnti Golfklúbbinn Setberg og greindi frá helstu framkvæmdum og framtíðaráætlun félagsins.
- b). EÓ lagði fram svar framkvæmdastjórnar ÍBH við bókun Badmintonfélags Hafnarfjarðar í 17. fundargerð frá 10. apríl 2015 undir önnur mál liður c. Framkvæmdastjóri ÍBH Elísabet Ólafsdóttir fundaði ásamt formanni ÍBH Hrafnkeli Marinóssyni, Viðari Halldórssyni fulltrúa FH og Ingvari Kristinssyni fulltrúa Bjarkanna með varafulltrúa BH Írenu Ásdísi Óskarsdóttur eftir stjórnarfund ÍBH 2. mars sl um að ÍBH mætti birta svör við minnisblaði BH frá 2. febrúar sl í sömu fundargerð og var það samþykkt af varafulltrúa BH Írenu Ásdísi Óskarsdóttur. Ef framkvæmdastjóri ÍBH og formaður ÍBH hefðu farið út í að svara minnisblaði BH á stjórnarfund ÍBH 2. febrúar sl þá hefði fundurinn orðið nokkrar klukkustundir. Ef varafulltrúi BH hefði neitað beiðninni hefði verið minnsta mál að leggja svörin fyrir næsta stjórnarfund ÍBH og færa þau inn í þá fundargerð.
- c). EÓ lagði fram kynningu á ÍBH fyrir nýja stjórnarmenn.
- d). HM sagði frá bréfi frá SÍH sem barst skrifstofu ÍBH í síðustu viku sem var tvíþætt þ.e. um lokaframkvæmdir á Iðavöllum annars vegar og hins vegar um samskipti SÍH við Kvartmíluklúbbinn og Hafnarfjarðarbæ.
- e). IK spurði um umsókn íþróttabandalaga í UMFÍ og hugsanlega verkefnaskiptingu milli UMFÍ og ÍSÍ. Málið er ennþá á viðræðustigi milli aðila.
- f). SA spurði um stefnumótunarvinnu Capacent fyrir ÍBH. Fyrirtækið hefur nýlega haft samband við skrifstofu ÍBH og vinnur að undirbúningi næsta fundar.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.15.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.